

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Elsusjóð, menntasjóð um endómetríosu.

#### 1. gr.

*Nafn sjóðs og uppruni.*

Sjóðurinn heitir Elsusjóður, menntasjóður um endómetríosu. Hann er stofnaður með dánargjöf frá Elsu Guðmundsdóttur, kt. 250956-5689. Elsa fæddist í Reykjavík 25. september 1956. Hún var í doktorsnámi í umhverfisþróunarfræði við University of Greenwich, Bretlandi, er hún féll frá 10. janúar 2019. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

#### 2. gr.

*Heimilisfang.*

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

#### 3. gr.

*Tilgangur og markmið sjóðsins.*

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki til fólks sem stundar háskólanám og er með sjúkdóminn endómetríosa og að vekja athygli á hvernig endómetríosa hefur áhrif á líf fólks með sjúkdóminn til aukins skilnings í samféluginu. Ráðstafa skal fjármunum sjóðsins þannig að styrkir séu greiddir til umsóknaraðila sem sjóðstjórn velur hverju sinni.

#### 4. gr.

*Stofnandi sjóðsins.*

Stofnandi sjóðsins er Björgólfur Thorsteinsson, kt. 301056-4439, eftirlifandi maki Elsu Guðmundsdóttur. Var það ósk Elsu að Björgólfur sæi um stofnun sjóðsins eftir sinn dag og að stofnfé næmi hluta af eignum sem hún létt eftir sig.

#### 5. gr.

*Stofnframlag og tekjur sjóðsins.*

Stofnframlag sjóðsins er 10.000.000 kr. – tíu milljónir króna – sem lagt er fram af stofnanda sbr. 4. gr. og eru 3.000.000 kr. – þrjár milljónir króna – verðbættar og óskerðanlegar.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og framlögum. Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af eignum sjóðsins svo og fé og önnur verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins ár hvert.

Fjárvarsla sjóðsins er í höndum stjórnar. Fjármálastofnun skal annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

#### 6. gr.

*Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skipa þrír einstaklingar, sem hver er skipaður til þriggja ára í senn. Samkvæmt fyrirmælum Elsu verður Björgólfur Thorsteinsson formaður fyrstu þrjú rekstrarar sjóðsins, einn stjórnarmaður verður úr stjórn Samtaka um endómetríosu, kt. 711006-2650 og einn verður einstaklingur sem ekki tengist samtökunum. Við lok kjörtímabils fyrstu stjórnar skulu Samtök um endómetríosu skipa two menn til setu í stjórn sjóðsins og skal annar þeirra vera formaður.

Þriðji aðilinn í stjórn verði ávallt einstaklingur sem ekki tengist samtökunum.

Stjórnin kemur saman að minnsta kosti árlega. Formaður stjórnar skal boða til stjórnarfunda. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Stjórnin skipar sjálf með sér verkum og velur sér formann (nema fyrstu þrjú árin) og ritara.

Stjórnarfundir eru lögmaðir ef meirihlut stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur.

7. gr.

*Hlutverk stjórnar.*

Hlutverk stjórnar er að halda utan um málefni sjóðsins og kynningar- og umsóknarferli.

Stjórnin hefur eftirlit með ráðstöfun og meðferð fjármuna og fer yfir ársreikning sjóðsins.

Tekjur sjóðsins verði nýttar til þess að veita styrki úr sjóðnum ár hvert. Stjórnin setur nánari starfsreglur um úthlutanir, svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna. Stjórnin getur ákveðið að veita ekki styrk á tilteknu ári.

Starfsreglur sjóðsins skulu endurskoðaðar reglulega og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Sjóðstjórn heldur fundargerðabók.

8. gr.

*Umsýsla og endurskoðun sjóðsins.*

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Skoðunarmaður reikninga skal vera utanaðkomandi einstaklingur sem skipaður er af stjórn. Hlutverk skoðunarmanns er að yfirlara og samþykkja ársreikning sjóðsins.

9. gr.

*Um breytingar á skipulagsskránni.*

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður, eða gera breytingar á tilgangi hans, af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðstjórn sé einhuga um þá ákvörðun. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Verði sjóðurinn lagður niður skulu fjármunir hans renna til málefna er tengjast tilgangi sjóðsins.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra skal leitað á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 3. mars 2021,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*